

**SAMÞYKKT**  
**um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags**  
**Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.**

I. KAFLI

**Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.**

1. gr.

*Skipan sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn sveitarfélagsins er skipuð 7 fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

*Sjálfstætt stjórnvald.*

Sveitarfélagið er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

*Verkefni sveitarfélagsins.*

Sveitarfélagið annast þau lögmæltu verkefni sem henni eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Sveitarfélagið vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

**Um sveitarstjórn.**

4. gr.

*Hlutverk sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur, ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

*Verkefni sveitarstjórnar.*

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og eftirlit haft með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir, skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja sveitarstjórn síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana þess, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.

7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

*Ný sveitarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til tóku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

*Kjör oddvita og varaoddvita.*

Á fyrsta fundi kys sveitarstjórn oddvita og einn varaoddvita. Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er hið sama og sveitarstjórnar. Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita.

III. KAFLI

**Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.**

8. gr.

*Fundir sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi fjórðu hverja viku í samræmi við fundaáætlun fyrir sveitarstjórn, byggðarráð og fastanefndir sem sveitarstjórn samþykkir tímanlega fyrir komandi ár hverju sinni. Ef reglubundinn fundur lendir á lögboðnum frídegi færast fundurinn fram um einn dag nema annað sé ákveðið.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis í allt að tvo mánuði.

Ef meirihluti sveitarstjórnar samþykkir og sérstakar aðstæður eru uppi í samfélaginu, sem gera sveitarstjórnarmönnum ekki kleift að hittast, er heimilt að halda sveitarstjórnarfundum með rafrænum hætti þannig að allir sveitarstjórnarmenn taki þátt með rafrænum hætti. Fundi í byggðarráði og nefnd-

um sveitarfélagsins er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti fulltrúa eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Sveitarstjórnarmönnum er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum á vegum sveitarfélagsins, sbr. 5. mgr. Þegar sveitarstjórnarmenn taka þátt í fundi með rafrænum hætti skulu þeir vera staddir í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 6. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 9. gr.

##### *Boðun sveitarstjórnarfunda.*

Sveitarstjóri eða oddviti boðar fund sveitarstjórnar. Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

#### 10. gr.

##### *Dagskrá sveitarstjórnarfundar.*

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu sveitarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðendur þess.
2. Fundargerðir nefnda, ráða, og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölulið hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verkvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri eða oddviti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega í tæka tíð til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

#### 11. gr.

##### *Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.*

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar samþykkir sveitarstjórn fundaaætlun sveitarstjórnar fyrir komandi ár þar sem fram kemur hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú fundaaætlun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

#### 12. gr.

##### *Opnir fundir sveitarstjórnar.*

Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

## 13. gr.

*Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður fjöldi atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

## 14. gr.

*Tvær umræður í sveitarstjórn.*

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

## 15. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða.*

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Um ritun fundargerða skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi.

- a. *Fundarstjórn.* Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
- b. *Vald oddvita.* Skylt er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef sveitarstjórnarmaður ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef sveitarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef sveitarstjórnarmaður hlýðnast ekki úrskurði oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á sveitarstjórufundi raskar fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir í fundarsal sveitarstjórnar.
- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða oddviti ákveði að önnur röð skuli höfð. Oddviti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna þau afbrigði.

- d. *Málfrelsi sveitarstjóra*. Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. *Málfrelsi*. Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.  
Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.
- f. *Ávarp ræðumanns*. Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa upp prentað mál nema oddviti leyfi.
- g. *Hve oft má tala*. Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.
- h. *Ræðutími*. Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Sérhver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í eina klukkustund ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs.
- i. *Tillögur og afgreiðsla*. Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókaðar*. Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla*. Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.  
Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.  
Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.  
Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.
- l. *Kosningar*. Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.  
Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

## 16. gr.

*Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægdur aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en samkvæmt 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 17. gr.

*Varamenn í sveitarstjórn.*

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Hafi kosning farið fram með hlutbundinni kosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem listi var skipaður og að öðru leyti í samræmi við 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

## IV. KAFLI

**Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.**

## 18. gr.

*Skyldur sveitarstjórnarfulltrúa.*

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 19. gr.

*Réttur sveitarstjórnarfulltrúa.*

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

## 20. gr.

*Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn. Beiðni um slíkt skal beint skriflega til skrifstofu sveitarfélagsins. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur innan 5 daga frá móttöku beiðninnar.

Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings er óheimilt að taka af þeim afrit og fara með þau af skrifstofu, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga, nema að höfðu samráði við sveitarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

## 21. gr.

*Siðareglur og góðir starfshættir.*

Sveitarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

*Lausn frá störfum.*

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða,
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrirframákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 23. gr.

*Boðun varamanna.*

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi.

Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

24. gr.

*Þóknun o.fl.*

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

25. gr.

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI

**Byggðarráð.**

26. gr.

*Kosning byggðarráðs.*

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í byggðarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í byggðarráði skulu koma úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalmanna í sveitarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Kosningar í byggðarráð skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess. Sveitarstjórn skal jafnframt á fyrsta fundi sínum kjósa formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

27. gr.

*Áheyrnarfulltrúi.*

Framboð sem hefur fulltrúa í sveitarstjórn og á ekki kjörinn fulltrúa í byggðarráði skal hafa einn áheyrnarfulltrúa í byggðarráði og annan til vara til þátttöku á fundum ráðsins. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í byggðarráð, sbr. 3. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

28. gr.

*Fundartími byggðarráðs.*

Byggðarráð skal að jafnaði halda reglulega fundi fjórðu hverja viku í samræmi við fundaáætlun fyrir sveitarstjórn, byggðarráð og fastanefndir sem sveitarstjórn samþykkir tímanlega fyrir komandi ár hverju sinni. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

29. gr.

*Boðun funda byggðarráðs.*

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund tilkynnir hann forföll til sveitarstjóra og óskar eftir því að varamaður verði boðaður.



## 30. gr.

*Stjórnun byggðarráðs.*

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

Sveitarstjóri eða skrifstofustjóri skal annast ritun fundargerða byggðarráðs sé þess óskað. Um ritun fundargerða byggðarráðs og varðveislu þeirra gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 15. gr.

Byggðarráðsfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og fundarmenn skulu gæta trúnaðar hvað varðar ummæli einstakra fundarmanna á fundum.

## 31. gr.

*Verkefni byggðarráðs.*

Byggðarráð fer með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins. Byggðarráð hefur jafnframt umsjón og eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins, málefni er varða upplýsingarétt skv. upplýsingalögum nr. 140/2012, málefni sem falla undir hverfisráð og málefni sem falla undir stjórnir byggðasamlaga eða annarra fyrirtækja sem sveitarfélagið á aðild að. Fundargerðir þeirra skulu lagðar fyrir byggðarráð.

Byggðarráð hefur umsjón með öðrum verkefnum sem fastanefndum eða öðrum nefndum, ráðum eða stjórnnum eru ekki sérstaklega falin.

Byggðarráð semur drög að árlegri starfsáætlun og fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og viðaukum við hana, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutadeigandi ráða og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Byggðarráð annast gerð kjörskrár vegna kosninga í umboði sveitarstjórnar og fjallar um athugasemdir og ágreiningsmál sem upp kunna að koma fram að kjördegi.

Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.

## 32. gr.

*Heimild byggðarráðs til fullnaðarákvörðunar.*

Byggðarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins eða stofnana þess, án staðfestingar sveitarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu, ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum og má ekki leiða til þess að vikið sé frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Byggðarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku ákvörðunar sem hlýtur afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ef fallist er á beiðni um endurupptöku máls sem byggðarráð hefur afgreitt skal leggja það fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

## VI. KAFLI

**Fastanefndir aðrar en byggðarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.**

## 33. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og fimm til vara í fastanefndir, sbr. 49. gr. samþykktar þessarar. Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Sveitarstjórn skal kjósa formenn og varaformenn fastanefnda á sama fundi og kosning til nefndarsetu fer fram. Þegar formaður hefur verið kosinn í nefnd skal hann boða eða láta boða fundi í nefnd

með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara. Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa ritara nefndar nema lög, samþykktir eða sveitarstjórn ákveði annað.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 34. gr.

##### *Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins og nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölulið 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

#### 35. gr.

##### *Erindisbréf.*

Sveitarstjórn skal samþykkja erindisbréf fyrir fastanefndir og aðrar nefndir, ráð og stjórnir eftir ákvörðun sveitarstjórnar, þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir sveitarstjórnar.

#### 36. gr.

##### *Áheyrnarfulltrúi.*

Framboð sem hefur fulltrúa í sveitarstjórn og á ekki kjörinn fulltrúa í fastanefnd skal hafa einn áheyrnarfulltrúa í fastanefndinni og annan til vara til þátttöku á fundum nefndarinnar. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í fastanefnd.

#### 37. gr.

##### *Fundartími fastanefnda.*

Fastanefndir sveitarfélagsins skulu að jafnaði halda reglulega fundi einu sinni í mánuði í samræmi við fundaaætlun fyrir sveitarstjórn, byggðarráð og fastanefndir sem sveitarstjórn samþykkir tímanlega fyrir komandi ár hverju sinni. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef sveitarstjóri eða a.m.k. þrjú nefndarmenn óska þess.

#### 38. gr.

##### *Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið með viðauka við samþykkt þessa að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Þegar sveitarstjórn neytir heimildar skv. 1. mgr. skal í viðauka skilgreint um hvaða verkefni er að ræða sem og hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

## 39. gr.

*Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir fastanefnda, annarra nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá byggðarráðs og sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðs eða sveitarstjórnar, eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eða byggðarráðs, ber að taka þær sérstaklega fyrir og afgreiða með formlegum hætti. Hafi ályktun nefndar, stjórnar eða ráðs í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir, skal ályktun ætíð lögð fyrir byggðarráð og sveitarstjórn.

## 40. gr.

*Fundir nefnda, ráða og stjórna og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda, ráða og stjórna skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum og trúnaðar skal gætt er varðar ummæli einstakra fundarmanna á fundunum. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Ákvörðun um opinn fund skal tekin fyrir á fyrri fundi nefndarinnar og fá þar samþykki allra fundarmanna.

Á dagskrá opins nefndarfundar verða einungis til umfjöllunar málefni sem varða umtalsverða og/eða almenna hagsmuni íbúa sveitarfélagsins og geta ekki varðað mál sem undanþegin kunna að vera upplýsingarétti almennings.

Opinn nefndarfund skal auglýsa með dreifibréfi til allra heimila í sveitarfélaginu og með auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins.

## 41. gr.

*Fundarstjórn og fundargerðir.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

Undirbúningur og frágangur nefndarfunda skal vera hjá skrifstofu sveitarfélagsins.

## 42. gr.

*Varamenn.*

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista, taki sæti aðalmanns úr sama flokki eða af sama framboðslista. Röð varamanna á listanum vegna nefndarkosningarinnar skiptir þá ekki máli. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

## 43. gr.

*Boðun varamanna.*

Um boðun varamanna á nefndar-, ráðs- og stjórnarfundum gilda ákvæði 23. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd, ráði eða stjórn fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd, ráði eða stjórn tekur varamaður hans sæti í nefndinni, ráðinu eða stjórninni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni, ráðinu eða stjórninni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

## 44. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar og málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

## 45. gr.

*Áheyrnarfulltrúar.*

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða að framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn fulltrúa í aðrar nefndir en fastanefndir, sé heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa og vara- áheyrnarfulltrúa til setu í viðkomandi nefnd með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi skv. þessari málsgrein á ekki rétt til nefndarlauna.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda og annarra stjórna og ráða gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjör- gengisskilyrðum í viðkomandi ráði, stjórn eða nefnd.

## 46. gr.

*Þóknun.*

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

## 47. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó samkvæmt eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

## 48. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

## 49. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.*

Sveitarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, stjórnir og ráð. Sveitarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda skv. A- og B-lið:

**A. Til eins árs á fundi í júní ár hvert:**

1. *Byggðarráð*. Þrjú sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

**B. Fastanefndir kosnar til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:**

1. *Atvinnu- og nýsköpunarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins í atvinnumálum, landbúnaðarmálum og ferðamálum samkvæmt erindisbréfi.
2. *Velferðar- og fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. 19. gr. laga nr. 37/2018, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum um fjárhagslega stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 samkvæmt erindisbréfi.
3. *Skipulags- og umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með hlutverk skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt fer nefndin með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins á sviði náttúruverndar, umhverfismála og framkvæmda á vegum sveitarfélagsins samkvæmt erindisbréfi. Skipulags- og umhverfisnefnd fer með fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmda þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaaðili.

**C. Fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:**

1. *Hverfisráð fyrir Bakkafjörð og dreifbýli*. Þrjú aðalmenn og tveir til vara í hvort ráð. Hverfisráð starfa í samræmi við erindisbréf.
2. *Hafnarnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hafnarstjóra til ráðuneytis um málefni hafnarinnar.
3. *Rekstrarnefnd Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Nausts*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjóra til ráðuneytis um málefni heimilisins.
4. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. og 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga. Enn fremur kýs sveitarstjórn tvær undirkjörstjórnir, þrjú aðalmenn í hvora og jafnmarga varamenn.
5. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Aðal- og varamenn skv. 4. gr. laga sambandsins.
6. *Eyþing, samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara á aðalfund Eyþings skv. IV. kafla samþykktar sambandsins frá 30. ágúst 1996.
7. *Héraðsnefnd Þingeyinga*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. samþykktar héraðsnefndarinnar.

8. *Stjórn fjallskilamála.* Sveitarstjórn skal að fenginni tillögu dreifbýlisráðs skipa einn fjallskilastjóra sem hefur á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála innan sveitarfélagsins. Fjallskilastjóri getur í samráði við sveitarstjórn valið sér samstarfsmenn, einn eða fleiri, sem þá teljast ásamt honum skipa fjallskilastjórn viðkomandi fjallskiladeildar. Í fjallskilasjóð renna allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld er af fjallskilum stafa.

**D. Verkefnabundnar nefndir:**

Sveitarstjórn eða byggðarráð getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum eða til að vera ráðgefandi fyrir fastanefndir í málefnum tiltekinna hópa, s.s. ungmenna og aldraðra. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

VII. KAFLI

**Sveitarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.**

50. gr.

*Ráðning sveitarstjóra.*

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

51. gr.

*Hlutverk sveitarstjóra.*

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrár og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn fulltrúi í byggðarráð og sveitarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum ráða, stjórna og nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin ákveður ekki annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til.

52. gr.

*Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.*

Byggðarráð ræður starfsmenn í þær stjórnunarstöður sem heyra beint undir sveitarstjóra, samkvæmt skipuriti sveitarfélagsins, að fenginni tillögu sveitarstjóra og auk þess yfirmenn stofnana og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins sem heyra beint undir sveitarstjóra. Jafnframt veitir byggðarráð þeim lausn frá störfum.

53. gr.

*Ráðning annarra starfsmanna.*

Deildarstjórar ráða aðra starfsmenn í samræmi við fyrirliggjandi fjárheimildir.

54. gr.

*Þagnarskylda starfsmanna.*

Starfsmenn sveitarfélagsins og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 55. gr.

*Um starfskjör og réttindi starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

## VIII. KAFLI

**Fjármál sveitarfélagsins.**

## 56. gr.

*Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.*

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. Staðfestingu ársreiknings.
2. Fjárhagsáætlun næstkomandi árs.
3. Fjárhagsáætlun til fjögurra ára.
4. Viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 1. og 2. tölulið.
5. Lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins.
6. Sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess.
7. Álagningu skatta og gjalda.
8. Ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

## 57. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Byggðarráð leggur skv. 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitar-sjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimm títán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

## 58. gr.

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 56. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

## 59. gr.

*Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

## 60. gr.

*Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 61. gr.

*Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reiknings-skilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði og sveitarstjóra og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

## 62. gr.

*Endurskoðun ársreikninga.*

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

## IX. KAFLI

**Samráð við íbúa.**

## 63. gr.

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn skal sérstaklega vinna að því að íbúar sveitarfélagsins geti fengið greinargóðar upplýsingar um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og önnur mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Í því skyni verði eftir því sem best hentar veittar upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, dreifibréf send á heimili í sveitarfélaginu eða haldnir borgarafundir.



64. gr.

*Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Ef 30% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

65. gr.

*Viðauki um Jarðasjóð.*

Samþykkt þessari fylgir viðauki um Jarðasjóð. Sjóðurinn er stofnaður með vísan til ákvarðana sveitarstjórna Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps að hefja formlegar sameiningarviðræður og samhliða sameiningu að stofna sjóð um jarðir í eigu sveitarfélaganna sem skapi tækifæri til uppbyggingar byggðar og atvinnutækifæra innan sameinaðs sveitarfélags.

66. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem stjórn til undirbúnings sameiningar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps hefur sett samkvæmt 2. mgr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi við gildistöku sameiningar sveitarfélaganna 29. maí 2022, sbr. auglýsingu nr. 414/2022. Á sama tíma fellur úr gildi samþykkt um stjórn Langanesbyggðar nr. 10/2019, með síðari breytingum.

*Innviðaráðuneytinu, 7. apríl 2022.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

---

*Hafdís Gísladóttir.*

VIÐAUKI  
við samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags  
Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps um Jarðasjóð.

Með vísan til 38. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps er settur eftirfarandi viðauki við samþykktina:

Í viðauka þessum er mælt fyrir um reglur sem skulu gilda um Jarðasjóð. Sjóðurinn er stofnaður með vísan til ákvarðana sveitarstjórna Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps að hefja formlegar sameiningarviðræður og samhliða sameiningu að stofna sjóð um jarðir í eigu sveitarfélaganna sem skapi tækifæri til uppbyggingar byggðar og atvinnutækifæra innan sameinaðs sveitarfélags. Sjóðurinn verður B-hluta stofnun innan sveitarfélagsins og rekin sem fjárhagslega sjálfstæð rekstrareining innan sveitarfélagsins, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga.

VIÐAUKI 1.  
**Jarðasjóður.**

1. gr.

*Heiti og heimili.*

Heiti sjóðsins er Jarðasjóður. Heimili sjóðsins er heimili hins sameinaða sveitafélags.

2. gr.

*Tilgangur og markmið.*

Tilgangur sjóðsins er varsla þeirra eigna sem tilgreindar eru í 3. gr. með það að markmiði að nýta eignirnar, tekjur af þeim og eftir atvikum söluhagnað, standa vörð um eignirnar og verja hagsmuni íbúa starfssvæðisins, til að skapa tækifæri til styrkingar mannlífs, byggðar og atvinnutækifæra á starfssvæði sjóðsins.

Jafnframt er það megin markmið sjóðsins að tryggja að veiðiréttur í viðkomandi ám og nýting jarðeigna verði áfram í höndum íbúa eða annarra aðila með heimilisfesti á starfssvæði sjóðsins.

Starfssvæði sjóðsins miðast við staðarmörk Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá maí 2014.

3. gr.

*Eignir og fjármunir í vörslu sjóðsins.*

Sveitarstjórnir Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps hafa falið sjóðnum umsýslu eftirfarandi eigna sameinaðs sveitarfélags. Í því felst að sjóðstjórn hefur eftirlit og umsjón með eignunum, en eigendafyrirsvar er á hendi sveitarstjórnar.

| Jörð             | Fasteignanúmer       | Fasteignamat<br>2021 í kr. | Eignarhlutur | Veiðiréttindi        |
|------------------|----------------------|----------------------------|--------------|----------------------|
| Brimnes          | F2167980             | 137.000                    | 100%         |                      |
| Staðarsel        | F2168137             | 106.000                    | 100%         |                      |
| Sóleyjarvellir   | F2170784             | 403.000                    | 100%         |                      |
| Hallgilsstaðir 1 | F2168013             | 21.300.000                 | 100%         | Hafralónsá og Kverká |
| Nýibær           | F2170757             | 130.000                    | 50%          |                      |
| Flaga 1 og 2     | F2167373<br>F2167359 | 60.784.000                 | 100%         | Sandá í Þistilfirði  |
| Kúðaá 1 og 2     | F2167538<br>F2167541 | 5.640.000                  | 100%         | Svalbarðsá           |
| Flautafell       | F2167379             | 7.403.000                  | 100%         | Svalbarðsá           |
| Vatnsendi        | F2167659             | 46.000                     | 100%         | Sandá í Þistilfirði  |

Allar tekjur af eignum í umsjá sjóðsins skulu renna til hans. Gjöld vegna eignanna skulu greidd af fjármunum sjóðsins.

Á eignir í umsjá sjóðsins skal þinglýst yfirlýsingu um að umsýsla þeirra falli undir sjóðinn og fari eftir þeim reglum sem samþykkt um sjóðinn kveður á um.

#### 4. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara sem kosnir eru af sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundum. Stjórnarfolk skal kosið til þriggja ára í senn.

Um kosningu og kjörgengi í stjórn fer eftir sömu reglum og gilda um kjörgengi í nefndir á vegum sveitarfélagsins. Stjórnarmenn skulu jafnframt vera lögráða og fjár síns ráðandi og hafa lögheimili á starfssvæði sjóðsins.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu formaður og gjaldkeri, auk þess skal kjörinn ritari sem jafnframt er varaformaður.

Stjórn skal starfa að markmiðum sjóðsins samkvæmt 2. gr.

Stjórn ber að sjá til þess að stjórnun sjóðsins og meðferð fjármuna sé á hverjum tíma í réttu og góðu horfi og í samræmi við samþykkt þessa.

Stjórn skal hafa eftirlit með því að fjárvörsluaðili fullnægi skyldum sínum samkvæmt lögum.

Stjórn starfar í samræmi við siðareglur sveitarfélagsins.

Þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins skal vera sú sama og þóknun nefndarmanna í nefndum á vegum sveitarfélagsins.

Stjórnarmenn velja úr sínum hópi fulltrúa til setu í stjórnnum félaga sem eignir sjóðsins eiga aðild að, svo sem veiðifélaga.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Ákvarðanir stjórnar skulu byggja á ákvæðum sveitarstjórnarlaga og stjórnarsýslulaga eftir því sem við á. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og skal ritun vera í samræmi við leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna.

Sveitarstjóri á rétt til setu á stjórnarfundum, með málfrelsi og tillögurétt, þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Sveitarstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á sveitarstjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Starfsreglur skal staðfesta í sveitarstjórn.

#### 5. gr.

##### *Rekstur, umsýsla og ráðstöfun tekna og eigna.*

Landnotkun skal vera í samræmi við stefnu sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins eins og hún kemur fram í skipulagsáætlunum.

Tekjur sjóðsins eru allar tekjur af þeim eignum sem sjóðurinn hefur til umsjár og eftir atvikum söluhagnaður þeirra eigna. Í því felst m.a. leigutekjur af lóðum, mannvirkjum og veiðiréttindum, vaxtatekjur, styrkir, gjafir og önnur framlög eða tekjur sem sjóðnum kunna að berast.

Rekstrargjöld sjóðsins koma til frádráttar frá tekjum. Stjórn er heimilt að flytja rekstrarafgang milli rekstrarára og safna í sjóð, sem verði þó ekki hærrí en samanlagður afgangur síðustu fimm rekstrarára samkvæmt ársreikningum.

Rekstrarafgangur sjóðsins skal renna í sveitarsjóð og vera nýttur í samræmi við tilgang og markmið í 2. gr. samþykktarinnar.

Heimilt er að leigja eignir sjóðsins enda samræmist sú ráðstöfun markmiðum 2. gr. samþykktarinnar. Við leigu eigna sjóðsins skulu veiðiréttindi vera undanskilin frá leiguliðaaafnotum og fer stjórn sjóðsins með atkvæðisrétt fyrir hönd sinna jarða í veiðifélögum.

Stjórn er óheimilt að selja eignir eða hluta þeirra, sem eru í umsjá sjóðsins þannig að skerðing verði á veiðiréttindum sem fylgja eignum í umsjá sjóðsins. Einstaka stjórnarmenn og sveitarstjórn geta lagt fram tillögu í stjórn sjóðsins um að landspilda eða lóð úr jörð í umsjá sjóðsins verði seld, svo lengi

sem það raskar ekki forræði sjóðsins yfir veiðiréttindum. Slík tillaga skal njóta stuðnings aukins meirihluta í stjórn og lögð fyrir sveitarstjórn til ákvörðunar.

Stjórn er heimilt að leggja til við sveitarstjórn að eign í umsjá sjóðsins verði boðin til sölu. Tillaga stjórnar um sölu eigna, þannig að veiðiréttur fylgi, krefst tveggja umræðna í sveitarstjórn. Sex vikur skulu líða milli umræðna og skal síðari umræðu lokið áður en fyrri umræða um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir næsta ár fer fram. Til að tillaga um sölu eigna hljóti samþykki skal hún njóta stuðnings aukins meirihluta, 2/3 hluti atkvæða eða meira í atkvæðagreiðslu, við báðar umræður í sveitarstjórn. Stjórn sjóðsins skal afla álits óháðs sérfræðings á nauðsyn ráðstöfunarinnar til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins og skal það álit kynnt íbúum með auglýsingu og á borgarafundi áður en síðari umræða um tillöguna fer fram. Borgarafundur fer fram með vísan til 105. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri fer með daglegan rekstur sjóðsins, fjárvörslu og framkvæmd ákvarðana stjórnar. Sjóðnum er heimilt að gera þjónustusamning við sveitarfélagið um umsýslu sjóðsins, svo sem utanumhald um samninga, færslu bókhalds og þess háttar.

#### 6. gr.

##### *Ársreikningur, ársskýrsla o.fl.*

Semja skal ársreikning fyrir hvert almanaksár, en sjóðurinn er sjálfstæð eining innan sveitarsjóðs. Endurskoðandi sjóðsins skal vera sá hinn sami og endurskoðar reikninga sveitarsjóðs.

Ársreikningurinn skal gerður í samræmi við viðurkenndar aðferðir við reikningskil sveitarfélaga og skal endurspegla með skýrum hætti rekstur sjóðsins.

Árlega skal stjórn gera ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir fjárhag og starfsemi sjóðsins síðastliðið reikningsár og leggja fyrir sveitarstjórn með ársreikningi sveitarfélagsins.

Semja skal fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Fjárhagsáætlun sjóðsins og þriggja ára áætlun skal vera hluti af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins á hverjum tíma.

#### 7. gr.

##### *Breytingar á samþykktinni og slit sjóðsins.*

Einstaka stjórnarmenn og sveitarstjórn geta lagt fram tillögu um breytingar á samþykktinni, sameiningu við aðra sjóði eða slit. Slík tillaga skal njóta stuðnings aukins meirihluta, 2/3 hluti atkvæða eða meira í atkvæðagreiðslu, í stjórn og lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Tillaga um breytingu á samþykktinni, eða slit sjóðsins, skal borin upp á sveitarstjórnarfundi. Skal breytingartillögu getið í fundarboði og dagskrá fundar. Um málsmeðferð tillögu um breytingu á samþykktinni gilda sömu skilyrði og fram koma í 7. mgr. 5. gr. um ráðstöfun eigna.

Verði sjóðurinn lagður niður skal fjármunum hans varið til verkefna í samræmi við tilgang og markmið í 2. gr.

#### 8. gr.

##### *Gildistaka.*

Sjóðurinn hefur starfsemi þann dag sem sameining sveitarfélaganna Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps tekur formlega gildi.

Viðauki við samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags sem sveitarstjórn hefur sett skv. 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. í viðauka þessum, um stjórnarkjör, skal fyrsta stjórn sjóðsins kjörin þannig að tveir fulltrúar verði kjörnir til þriggja ára, tveir fulltrúar verði kjörnir til tveggja ára og einn fulltrúi kjörinn til eins árs.